

Fundargerð 446

Föstudaginn 20. janúar 2017 kl. 8:30 kom stjórn Byggðastofnun saman til fundar í félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli. Þessir fundarmenn sátu fundinn: Herdís Á Sæmundardóttir stjórnarformaður, Einar E. Einarsson Karl Björnsson, Lilja Sigurðardóttir, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Sveinn Auðunn Sæland (varamaður). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll.

Í upphafi fundar bauð formaður Lilju Sigurðardóttur velkomna í stjórn í stað Gunnars Sigbjörnssonar. Formaður setti fund kl. 8:30 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar – yfirlit
3. Reglur um umsjónarmann áhættustýringar
4. Rekstraráætlun 2017
5. Fullnustueignir - kynning
6. Fundargerðir lánanefndar
7. Útlánaheimildir lánanefndar
8. Ferðabjónustan – staða og horfur 2016
9. Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði
10. Erindi félags sauðfjárbænda í Dalasýslu
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð fundar nr. 445 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar

AP og SBS fóru yfir stöðu verkefna og rekstrar. AP sagði frá fundi sem hann og SBS hefðu setið með landshlutafélögum sveitarfélaganna og formönnum stjórnsmálaflokka um nýja byggðaáætlun.

3. Umsjónarmaður áhættustýringar

AP fór yfir minnisblað sitt um umsjónarmann áhættustýringar og drög að reglum þar að lútandi.

Lagt var til að Hrund Pétursdóttir sérfræðingur á rekstrarsviði hefði umsjón með áhættustýringu stofnunarinnar.

Formaður bar upp reglur um umsjónarmann áhættustýringar og um Hrund Pétursdóttur sem umsjónarmann áhættustýringar og var það samþykkt samhljóða.

4. Rekstraráætlun 2017

MH og AÐ kynntu rekstraráætlun ársins 2017 en samþykkt hennar var frestað á síðasta fundi stjórnar þar sem fjárlög höfðu ekki verið samþykkt.

Rætt var um mikilvægi eftirlits og eftirfylgni með störfum atvinnuþróunarfélaga en unnið er að því að fara í úttekt á starfsemi félaganna. Þá var rætt um flutning Byggðastofnunar og málefni byggðamála til innanríkisráðuneytisins.

5. Fullnustueignir – kynning

HÁ fór yfir og kynnti yfirlit yfir fullnustueignir Byggðastofnunar.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 33/16, 14. desember 2016

AÐ kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 34/16, 21. desember 2016

AÐ kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 1/17, 6. janúar 2017

AÐ og AME kynntu fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 2/17, 13. janúar 2017

AÐ og AME kynntu fundargerðina.

...

...

7. Útlánaheimildir lánanefndar

AÐ kynnti minnisblað hans og AME um hækkun á útlánaheimild lánanefndar. Heimild lánanefndar er í dag 35 mkr. og hefur verið óbreytt síðan árið 2002.

Hærri útlánaheimildir eru til þess fallnar að hraða afgreiðslu mála, en það er eitt þeirra markmiða sem fyrirtækjasvið hefur sett sér.

Lagt er til að heimild lánanefndar til að afgreiða erindi skv. 1. mgr. gr. 5.5 verði 70 mkr. enda krefjist erindi ekki varasjóðsframlags sem er hærra en 20 mkr. Einnig er lagt til að forstöðumaður fyrirtækjasviðs sé varaformaður lánanefndar og að fundur nefndarinnar sé því aðeins ályktunarfær að annað hvort forstjóri eða forstöðumaður fyrirtækjasviðs sitji fundinn.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

8. Ferðaþjónustan – staða og horfur 2016

AP kynnti skýrslu um stöðu og horfur í ferðaþjónustunni sem unnin var af starfsfólki fyrirtækjasviðs. Skýrslan verður sett á heimasíðu Byggðastofnunar eftir helgi.

9. Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði

Lögð var fram ósk Fjarðabyggðar um samstarf við Byggðastofnun til tveggja ára um verkefnisstjóra fyrir Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði. Byggðastofnun tekur undir með bréfitara að Sköpunarmiðstöðin er gott dæmi um grasrótarkerfni sem hefur skilað eftirtektarverðum árangri í atvinnu- og nýsköpun byggðarlagsins. Byggðastofnun getur á hinn bóginn ekki orðið við erindinu þar sem stofnunin veitir ekki lengur styrki til einstakra verkefna af þessu tagi, nema þá í gegnum almenn verkefni á borð við brothættar byggðir en ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort Stöðvarfjörður verður hluti af því verkefni. Bent er á möguleika á að sækja um styrk í Uppbyggingarsjóð Austurlands sem hefur það afmarkaða hlutverk að styðja landshlutabundin menningar- og nýsköpunarkerfni.

10. Erindi félags sauðfjábænda í Dalasýslu

Byggðastofnun hefur borist erindi frá formanni félags Sauðfjábænda í Dalasýslu þar sem athugasemdir eru gerðar um reglugerð vegna svæðisbundins stuðnings í sauðfjárrækt. AP lagði fram tillögu að svari í minnisblaði sem lagt var fram. Samþykkt samhljóða og forstjóra falið að svara erindinu.

11. Önnur mál

Bréf frá Sambandi sveitarfélögum á köldum svæðum

Lagt var fram til kynningar bréf frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum þar sem upplýst er um hækkun á raforkuverði á köldum svæðum. Stjórn félagsins fer þess á leit við stjórn Byggðastofnunar að hún beiti sér í málinu til að koma í veg fyrir frekari neikvæða byggðapróun á köldum svæðum.

Ísland ljóstengt

KB kynnti minnisblað um ljósleiðaravæðingu. Fjarskiptasjóður mun úthluta 450 mkr. til uppbyggingar sveitarfélaga á ljósleiðarakerfum árið 2017 líkt og sjóðurinn gerði vegna uppbyggingar þeirra 2016. Þessum 450 mkr. verður skipt með hliðsjón af svæðisskiptingu landshlutasamtaka. Skipting tekur 50% mið af fjölda styrkhæfra staða samkvæmt skilmálum Ísland ljóstengt 2017 og 50% mið af áætluðum meðaltalsstofnkostnaði til að

stuðla að jafnari uppbyggingu á landsvísu en ella og koma að einhverju leyti til móts við dýrari svæðin.

Sveitarfélög búa við mismunandi aðstæður og standa misvel fjárhagslega. Hugmyndin er að styrkja samkeppnisstöðu tiltekinn sveitarfélaga gagnvart umsóknum í samkeppnispott fjarskiptasjóðs. Þetta er gert í þeim tilgangi að gera þeim sveitarfélögum hægara um vik að keppa um styrk frá sjóðnum til að hefja ljósleiðarauppbyggingu. Sérstökum byggðastyrk allt að 100 m.kr. mun verða varið til þessa verkefnis á hverju ári þar til 2020, eða þar til verkefninu Ísland ljóstengt er lokið.

Stjórn Byggðastofnunar er fyrir sitt leyti meðmælt því að varið verði allt að 100 mkr. af fjárveitingu til byggðaáætlunar til verkefnisins á þessu ári.

Stjórn samþykkti samhljóða að styðja tillöguna.

Nýtt húsnæði fyrir Byggðastofnun

AÐ upplýsti um hönnunarútbod á nýju húsnæði fyrir stofnunina. Átta aðilar sendu inn tilboð og er Ríkiskaup og Framkvæmdasýsla ríkisins nú að fara yfir innkomin tilboð.

Endurskoðun á launum stjórnarmanna

Formaður upplýsti að erindi stjórnar væri komið inn á borð Þóknananefndar en hafði ekki upplýsingar um stöðu þess þar.

Byggðaáætlun

Formaður upplýsti að drögum að Byggðaáætlun 2017-2023, sem eru enn í lokavinnslu, hefði verið skilað til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Beðið er eftir fundi með nýjum ráðherra byggðamála til að fara yfir áherslur hans en einnig er eftir að ljúka kostnaðarmati í samvinnu við einstök ráðuneyti.

Gunnari Sigbjörnssyni voru þökkuð góð störf í stjórn.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður 17. febrúar nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 12:02

Magnús Helgason, fundarritari
